

Skólaráðsfundur 29. nóvember 2011

Mættir voru:


Fyrir Njarðvíkurskóla: Ástríður Sigurðardóttir kennari, Ásta Einarsdóttir foreldri, Berglind Kristjánsdóttir kennari, Helena Guðjónsdóttir foreldri, Íris Hafþórsdóttir, nemandi í 10. bekk og Thelma Lind Karlsdóttir, nemandi í 9. bekk og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari),

Fyrir Háaleitisskóla: Davíð Fjöltnir Ármannsson foreldri, Jón Haukur Hafsteinsson kennari,

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri.

Kristján Granz Carlsson og Laufey Einarsdóttir boða forföll.

1. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, fer yfir efni fundar og útskýrir ástæðu þessa aukafundar.
2. Samræmd próf:
 - a. Farið yfir niðurstöður prófanna.
 - b. Í Njarðvíkurskóla erum við að hækka okkur í íslensku 4. bekk frá því í fyrra og standa í stað í stærðfræði. Í 7. bekk erum við að lækka en skólar í Reykjanesbæ eru almennt að lækka á miðstigi í samræmdu prófunum. Í 10. bekk voru margir nemendur að sýna umtalsverðar framfarir sem er mjög gott.
 - c. Í Háaleitisskóla komu nemendur 4. bekkjar illa út, vinna er hafin í umbótum og kennarar hafa sett sér aðgerðaráætlun. Mikið er um að nemendur stoppa stutt við í skólanum og fáir nemendur halda áfram milli bekkja að vori.
3. Ásgerður kynnti lestrarstefnu skólanna sem er aðgengileg á heimasíðu skólans. Þetta er vinnuþlagg kennara og í framhaldi af því voru settar verklagsreglur fyrir kennara varðandi aðgerðir ef nemandi les ekki heima. Þær verklagsreglur hafa verið sendar heim til foreldra. Markmiðið með þessum verklagsreglum er að hafa aukið aðhald á heimanámi nemenda.
 - a. Ásta Einarsdóttir kom með fyrirspurn um þessa skráningu sem og um heimavinnuna sem Ásgerður svaraði. Rætt um að það er á ábyrgð foreldra að sinna heimanámi hjá sínum börnum, innlögnin fer fram í skólanum og þjálfunin heima, sérstaklega í lestri.
4. Ásgerður kynnti nýja reglugerð frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og dreifði til fundarmanna. Renndi lauslega yfir ábyrgð og skyldur hvers hóps í skólasamfélaginu.
 - a. Rætt um að samstarf nemenda – kennara - foreldra.
 - b. Rætt um lestrarkennslu í leikskólum og hvort sé verið að gera of miklar kröfur þar. Einnig mikilvægi þess að nemendur geti notið bernsku sinnar í skólastarfinu en þó að mæta hverjum nemenda á þeim stað sem hann er þegar hann hefur sína grunnskólagöngu.
 - c. Rætt um foreldra sem eiga í vandræðum með að aðstoða sín börn í heimanámi.



5. Ásgerður kynnti endurunna vinnuferla í eineltismálum sem voru endurskoðaðir í haust. Farið yfir með fundarmönnum hvar upplýsingar um vinnu við eineltismál er staðsett á heimasíðu skólans.
6. Önnur mál:
 - a. Ásgerður sagði frá því að nemendur Njarðvíkurskóla fara í kirkju með sínum kennurum en ekki nemendur Háaleitisskóla. Búið að senda póst heim á foreldra um kirkjuferðina.
7. Ásta talaði um að mikilvægt er að ná til foreldra til að ná árangri, bauð aðstoð foreldrafélagsins. Rætt um að til að ná árangri með nemendur er mikilvægast að vekja áhuga þeirra á námsefninu, bæði í skólanum og heima.
8. Næsti fundur er í febrúar og mun þá Skólaráð funda með nemendaráði Njarðvíkurskóla. Spurning hvort fulltrúar Háaleitisskóla þurfi að mæta á þann fund, Ásgerður mun hafa samband við þau fyrir þann fund.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Guðný Karlsdóttir ritaði fundargerð